

Samruni Umbreytingar II slhf., AU 23 ehf. og Hótel Hamars ehf.

1. Þann 5. júní 2023 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup AU23 ehf. (hér eftir „AU23“) á 50% hlut í Hótel Hamar ehf. (hér eftir „Hótel Hamar“). Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 5. og 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020. Með bréfi dags. 15. júní 2023 upplýsti Samkeppniseftirlitið að fyrrnefnd samrunatilkynning teldist fullnægjandi. Með hliðsjón af 2. mgr. 8. gr. reglna Samkeppniseftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum nr. 1390/2020 byrjuðu frestir til að rannsaka samrunann að líða 6. júní 2023. Við athugun á samrunanum leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, fyrirliggjandi gagna og fyrri ákvarðana eftirlitsins.
2. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Með fyrrnefndum kaupunum eignast AU 23 helming hlutfjárins í félaginu Hótel Höfn. Samkeppniseftirlitið telur að í þessum kaupum felist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.
3. Í samrunaskrá kemur fram að AU 23 sé eignarhaldsfélag í fullri eigu Umbreytingar II slhf. (hér eftir „Umbreyting II“), framtakssjóðs í rekstri Alfa Framtaks ehf. („Alfa Framtak“). Alfa Framtak er óháður rekstraraðili sérhæfðra sjóða sem samkvæmt samrunaskrá leggur áherslu á framtaksfjárfestingar og starfar samkvæmt lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.
4. Í samrunaskrá kemur fram að skráður tilgangur Hótel Hamars sé rekstur hótels og gistiþjónustu ásamt veitingaþjónustu. Félagið reki samnefnt hótel með 54 herbergjum sem er staðsett á Vesturlandi, rétt fyrri utan Borgarnes við samnefndan golfvöll, ásamt veitingastað sem er staðsettur er á hótelinu.¹ Einu hluthafar Hótel Hamars eru Ragnheiður Nielsen og Sigurður Ólafsson.
5. Þar sem ekki er skörun í starfsemi samrunaaðila eða félaga í samstæðu þeirra, né er kaupandi að taka yfir starfsemi fyrirtækis sem framleiðir og/eða selur aðföng fyrir starfsemi hins, er hvorki um láréttan né lóðréttan samruna að ræða. Ljóst er því að fjárfesting og kaup AU23 á Hótel Hamars telst til samsteypusamruna í samkeppnisréttarlegum skilningi.
6. Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga.² Af hálfu samrunaaðila er á því byggt í samrunaskrá að þar sem engin starfsemi sé í AU23 sé rétt að líta svo á að skilgreindir markaðir málsins séu þeir

¹ Sjá nánar hér: <https://www.hotelhamar.is/>.

² Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markaði frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn.



markaðir sem Hótel Hamar starfar á. Það sé eini markaðirnir þar sem áhrifa geti gætt vegna viðskiptanna. Starfsemi Hótel Hamars lýtur alfarið að rekstri hótels og gistingu og ásamt tengdri veitingaþjónustu. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ekki þörf á því að skilgreina markaðinn þrengra í þessari ákvörðun þar sem samrunaaðilar starfa ekki á sama markaði.

7. Samhliða þessum samruna var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna Umbreytingar II, AU23 og Hótel Hafnar ehf. (hér eftir „Hótel Höfn“). Hótel Hamar rekur samnefnt hótel í Borgarnesi. Við mat á samkeppnislegum áhrifum á þessum samruna var tekið mið af fyrrnefndum samruna Umbreytingar II, AU23 og Hótel Hafnar. Að mati samrunaaðila starfi þessi tvö hótel á sitthvorum landfræðilegum markaði. Hótel Höfn á markaði fyrir hótélherbergi á Suðurlandi og Hótel Hamar á markaði fyrir hótel á Vesturlandi.
8. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 12/2018 *Kaup Flugleiðahótela ehf. á Alda Hótel Reykjavík hf.*³ var það afstaða Samkeppniseftirlitsins að Íslandi skiptist upp í marga landfræðilega markaði fyrir hótélgistingu. Í fyrrnefndri ákvörðun skilgreindi eftirlitið Suðurland sem sérstakan landfræðilegan markað fyrir hótélgistingu. Sá markaður afmarkaðist af landsvæðinu frá Hveragerði til Hafnar í Hornafirði.
9. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að rétt sé að líta til landfræðilegrar skiptingar í fyrrnefndri ákvörðun. Í þessari ákvörðun verður landfræðilegur markaður fyrir hótel á Vesturlandi ekki sérstaklega afmarkaður frekar en samrunaaðilar gera í samrunaskrá. Að mati Samkeppniseftirlitsins hefur ekkert komið fram við rannsókn málsins sem gefur tilefni til að skilgreina vöru- eða þjónustumarkaðinn með öðrum hætti en samrunaaðilar hafa talið og gert hefur verið í fyrri ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins.
10. Í samrunaskrá kemur fram að með vísan til takmarkaðrar markaðshlutdeildar samrunaaðila, telji þeir áhrif samrunans takmörkuð ef nokkur á markaði fyrir hótélgistingu á Suðurlandi. Að sama skapi sé ljóst að samruninn komi ekki til með að skapa eða styrkja markaðsráðandi stöðu.
11. Samkeppniseftirlitið telur ljóst að um sé að ræða svokallaðan samsteypusamruna þar sem samrunaaðilar starfa ekki á sama markaði. Samkeppnisleg áhrif skapast því ekki vegna aukinnar samþjöppunar eða láréttra áhrifa. Þá er ekkert í fyrirbyggjandi gögnum sem bendir til þess að skaðleg lóðrétt áhrif eða samsteypuáhrif leiði af samrunanum.
12. Að öllu framangreindu virtu er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki sé ástæða til frekari rannsóknar né sé nauðsynlegt að aðhafast vegna þessa samruna. Lýkur málinu því á fyrsta fasa samrunarannsóknar.

Ákvörðunarorð:

„Kaup AU 23 ehf. á 50% hlutafjár í Hótel Hamar ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

³ Sjá hér: https://www.samkeppni.is/media/akvardanir-2018/Akvordun-12_2018_Kaup-Flugleidahote3la-ehf-a-Alda-Hotel-Reykjavik-hf.pdf.